



Skipulags-, byggingar-, og veitunefnd (SBV) Mánudaginn, 05. júlí 2010

Fundur var haldinn í skipulags-, byggingar- og veitunefnd Blönduósbæjar 05. júlí 2010, kl. 17:15 2010 að Hnjúkabyggð 33, dómsal.

Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri setti fundinn og stjórnaði honum. Jóhann K. Jóhannsson, slökkviliðsstjóri ritaði fundargerð. Mæting er samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

Dagskrárliður 1

Arnar Þór Sævarsson setur fundinn og kallar eftir tillögum um kjör formanns, varaformanns og ritara. Lagt er til að Þórður Pálsson verði formaður SBV. Var það samþykkt samhljóða. Á eftir óskaði Arnar eftir tillögu um varaformannsefni. Þórður Pálsson stakk uppá að varaformaður SBV yrði Ingunn Ásgeirsdóttir. Það var samþykkt samhljóða. Þriðja kjör var að fundarritun verði í höndum Jóhanns K. Jóhannssonar, slökkviliðsstjóra. Var það samþykkt samhljóða. Að því loknu afhenti bæjarstjóri nýjum formanni SBV stjórnun fundarins og vék af fundi.

Dagskrárliður 2

Ingunn María Björnsdóttir Hlíðarbraut 9, Blönduósi óskar eftir að byggingarleyfi fyrir að breyta gluggum húsin að Hlíðarbraut 9, samkvæmt meðfylgjandi teikningum.

Afgreiðsla: Byggingafulltrúi lagði fram gögn til kynningar og skoðunar. Erindið var samþykkt.

Dagskrárliður 3

Ingunn Lilja Hjaltadóttir sækir um leyfi til að byggja sólpall við hús sitt að Urðarbraut 16, Blönduósi samkvæmt meðfylgjandi teikningu. Við pallinn verða settar 80 sm. skjólveggir úr tilbúnum einingum frá Byko.

Afgreiðsla: Byggingafulltrúið lagði fram teikningar og gögn. Var erindið samþykkt.

Dagskrárliður 4

Lárus B. Jónsson sækir um byggingaleyfi fyrir hönd Búrfjalla ehf. til að setja upp vegg undir límtrésbita að Húnabraut 4, Blönduósi og hólfa af snyrtingu og ræstingu (geymslu) innst í rýminu, sjá meðfylgjandi gögn. Óska einnig eftir að fá að setja 90.sm. hurð út úr þessu rými. Send verður fullbúin teikning til byggingafulltrúa og yfirlit yfir þau tæki sem þau verða. Rýmið verður notað sem verslunarrými.

Afgreiðsla: Byggingafulltrúi leggur fram gögn til skoðunar. Erindið er samþykkt með fyrirvara um að fullnægjandi teikningar berist byggingafulltrúa. Starfsemi má ekki hefjast fyrr en teikningar hafa verið lagðar inn og að byggingafulltrúi og slökkviliðsstjóri hafa gert úttekt á staðnum.

Dagskrárliður 5

Byggingafulltrúi leggur fram til kynningar teikningu af lóð grunnskólans.

Töluverðar umræður sköpuðust um frágang lóðar í kringum sundlaugina og skólann.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:04.



Pórður Pálsson (sign)

Hörður Ríkharðsson (sign)

Ingunn Ásgeirsdóttir (sign)

Valgerður Gísladóttir (sign)

Hilmar Þór Hilmarsson (sign)

Jóhann K Jóhannson, slökkviliðsstjóri (sign)

Stefán Arnason, byggingarfulltrúi (sign.)